

Eystrahorn

36. töl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 15. október 2020

www.eystrahorn.is

Nýjasta samstarfsverkefnið í FAS

Núnaíhaust byrjaðinýtt samstarfsverkefni í FAS undir merkjum Nordplus áætlunarinnar. Þetta verkefni er til þriggja ára og er á milli Brønnøysund videregående skole í Noregi, Vaala Upper Secondary School í Finnlandi og FAS. Skólarnir eiga það sameiginlegt að vera fremur litlir og liggja allir á svipaðri breiddargráðu. Verkefnið ber yfirskriftina Geoh heritage, culture and sustainable communities in rural areas in Finland, Iceland and Norway og fjallar um uppruna, menningu og sjálfbær samfélög þáttökulandanna. Verkefnið er einnig tengt völdum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Í hverju landi taka 10 nemendur þátt í sameiginlegri verkefnavinnu en í Noregi eru mun fleiri sem njóta góðs af vinnunni. Lögð er áhersla á náttúruskoðun og breytingar sem eru að verða vegna breytts loftslags. Því var ákveðið að tengja verkefnið inn í jarðvanga í nánd við þáttökuskólana og fá sérfræðinga þar til að segja frá breytingum og sýna þær. Hér á Íslandi tekur einnig Vatnajökulsþjóðgarður þátt í verkefninu en á suðausturhorninu sjáum við ótrúlegar breytingar á t.d. jöklunum.

Í verkefninu er gert ráð fyrir að nemendum gefist kostur á að heimsækja samstarfsaðilana og átti fyrsta heimsóknin að vera til Íslands í lok september. Vegna COVID-19 eru miklar takmarkanir á ferðalögum og í upphafi annar var ákveðið að leita annarra leiða til láta verkefnið ganga. Lausnin felst í því að nýta tæknina og var keyptur búnaður sem gerir það mögulegt að fara út í náttúruna og miðla efni þaðan í streymi í gegnum YouTube. Dagana 28. og 29. september var farið með íslenska hópinn á fyrirfram valda staði þar sem sérfræðingar frá Kötlu jarðvangi annars vegar og Vatnajökulsþjóðgarði hins vegar sáu um að miðla upplýsingum til okkar



Fræðslu miðlað um birkiskóginn á Skeiðarársandi. reglulega gefa gaum að nærumhverfinu og því sem fyrir augu þar.

Auk þess að fara í ferð unnu hóparnir saman í gegnum Teams. Þátttakendur kynntu lönd sín og þjóð og síðasta daginn var svo sameiginleg verkefnavinnu þar sem tveir nemendur frá hverju landi unnu saman í hóp. Á næstu önn verður haldið áfram og þá tekur Noregur boltann og áherslan þá önnina verður á heimsmarkmið 12 sem fjallar um ábyrga neyslu og framleiðslu. Nú er bara að vona að okkur gefist tækifæri á að fara til Noregs undir næsta vor.

Líkt og í flestum samstarfsverkefnum í FAS er allur afrafstur vinnunnar settur á sameiginlega vefsíðu <https://geoh heritage.fas.is/>

Hjördís Skírnisdóttir



Íslensku þátttakendurnir í Geoh heritage verkefninu.

nemenda sem voru á staðnum og svo til annarra þátttakenda í gegnum streymi. Þessi tilraun gekk bærilega þó vissulega hafi verið einhverjir hnökror eins og t.d. að netsamband væri ekki nógu stöðugt til að halda úti streymi eins og raunin varð í Lakagígum. Í þessari ferð var líka markvisst verið að efla staðarvitund nemenda með því að láta þá

Sigrún Birna kosin formaður Ungra vinstri grænna

Landsfundur Ungra vinstri grænna fór fram í gegnum fjárfundarbúnað laugardaginn 10. október 2020. Þar fór fram málefnavinna og stjórnarkjör auk þess sem flutt var erindi um íbúalýðræði. Sigrún Birna Steinarsdóttir var kjörin formaður Ungra vinstri grænna til eins árs.

Sigrún Birna er 21 árs háskólanemi uppalin á Höfn í Hornafirði. Hún stundar nám við landfræði við Háskóla Íslands og hefur unnið sem landvörður sl. sumur hjá Vatnajökulsþjóðgarði. Hún hefur verið virk innan UVG sem og VG síðastliðin ár og setið í hinum ýmsu embættum, bæði hjá framkvæmdastjórn UVG, núna síðastliðin ár sem varaformaður, og í stjórn kjördæmaráðs Suðurkjördæmis.

Í framkvæmdastjórn fyrir starfsárið 2020-2021 hlutu kjör:

Ásrún Ýr Gestsdóttir
Helga Margrét Jóhannesdóttir
Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm

Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir
Jónína Riedel
Kristbjörg Meekín Helgadóttir



Sigrún Birna Steinarsdóttir

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga FLÁR OFAN VIÐ HVALNES Laugardaginn 17.október.



17.október leiðir Einar Jóhann Sigurðsson göngu upp á Flár ofan við Hvalnes í Lóni.

Mæting er við tjaldsvæðið á Höfn kl. 9:00. Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu er lagt til að hver og einn þátttakandi sjái sér fyrir akstri upp í Lón og við munum auðvitað eftir að halda að lágmarki eins metra bilinu. Erfiðleikastig göngunnar telst vera 2 skór: gera má ráð fyrir að gangan taki um 6 klukkutíma og þetta er talsverð hækkun þannig að þátttakendur þurfa að vera í nokkuð góðri þjálfun.

Áhugasamir geta líka hringt í Einar Jóhann og spjallað um skipulag göngunnar í síma 774-6558.

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA ATHUGIÐ:



Ekran er opin fyrir félagsmenn í FEH, ef farið er eftir sóttvarnareglum. 20 manna hámark, handþvottur, sprittun og grímunotkun. Útgefin dagskrá er í gildi. Förum varlega. Samstaða er besta sóttvörnin.

Nú fást **Volare** vörurnar hjá Flikk hárgreiðslustofu.

Náttúrulegar húð- og heilsuvörur

Volare

f l i k k

HÁDEGISSEÐILL

GRILLAÐ LAMBABRISKET Smá sinnepsgjái, stappað smækki með smjöri og vorlauk, béarnaise.	2.200,-
SMJÖRSTEIKTUR ÞORSKUR Með japönsku mæjó, stappað smækki með smjöri og vorlauk, rjómasósa.	2.200,-
ÚRBEINUÐ KJÚKLINGALÆRI Í penkóraspi, sætkartöflumús, kókos dökksósa.	2.200,-
HREINDÝRHAMBORGARI Kartöflubrauð, rauðlaukssulta, trufflaðir sveppir, stökkir jerúsalem ætjipistlar, piparrótarmæjó, ostur. Pakkhústranskar og bleik sósa.	2.200,-



EFTIRRÉTTIR

SKYRKAKA Á hvíti með krumbli, berjasósu og karamellu.	890,-
SÚKKULABI BROWNIE Súkkulabi brownie með húgerðum gelato is.	890,-

Opnunartími: 12:00-13:30 og frá kl. 18:30

**Velkomið að borða á staðnum og
ekkert mál að taka með!**

Hægt að hringja og panta í síma 478-2280

WWW.PAKKHUS.IS

Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur:.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.


Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

Vinnustofa um Skarðsfjörð

Náttúrustofa Suðausturlands boðar til vinnustofu um framtíð Skarðsfjarðar, en svæðið er á B-hluta Náttúruinjasrár sem þýðir að skoða eigi mögulega friðlýsingu á næstu 5 árum. Vinnan er hluti verkefnisins *Náttúruvernd og efling byggða* sem er liður í byggðaáætlun stjórnvalda sem standa fyrir sérstöku átaki í friðlýsingum. Á fundinum verða skoðaðar ólíkar sviðsmyndir eftir því hvort svæðið verður friðlýst eður ei og rætt um möguleg tækifæri og ógnir.

Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 27. október frá 13:30-16:00 og er opinn öllum og hvetjum við sem flesta til að taka þátt. Vegna Covid-19 fer fundurinn fram á netinu í gegnum Teams og til að fá aðgang að honum þarf að senda tölvupóst á netfangið kristin@nattsa.is. Frekari upplýsingar fást í síma 863 4473.



Fjölublár litur markar svæðið sem mögulega stendur til að friðlýsa í Skarðsfirði samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofunnar Íslands.



NÁTTÚRUSTOFA
SUÐAUSTURLANDS



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



KATLA GEOPARK

Tilkynning frá Sveitarfélaginu Hornafirði



Vegna slæmrar umgengni í Fjánhúsavík er gripið til þeirra ráðstafana að loka fyrir alla úrgangsslosun í Fjánhúsavík á Ægissíðu.

Svæðið verður lokað frá og með þriðjudeginum 13. október 2020.

Bent er á að Íslenska Gámafélagið tekur á móti gjaldfrjálsum og gjaldskyldum úrgangi, þar með talið garðaúrgangi, múrbroti og jarðvegi

Opnunartími söfnunarstöðvar er:

Mánudagar: 13:00-17:00

Þriðjudagar: 15:30-17:30

Miðvikudaga: 15:30-17:30

Fimmtudaga: 15:30-17:30

Laugardaga: 11:00-15:00

Gjaldskrá söfnunarstöðvar má finna á www.hornafjordur.is

Nánari upplýsingar varðandi þjónustu Íslenska Gámafélagsins má fá hjá Einari verkstjóra í síma 840-5710.

Þurfi einstaklingar að losa mikið magn af garðaúrgangi má hafa samband við Áhaldahúsið á opnunartíma í síma 895-1473.

Lokun Fjánhúsavíkur verður endurskoðuð fyrir næsta sumar.

*Með kveðju,
Starfsfólk Sveitarfélagsins Hornafjarðar*

Knattspyrnuþjálfarar Sindra



Halldór Steinar, Óli Stefán og Veselin

Þann 8. október rituðu Óli Stefán Flóventsson, Veselin Chilingirov og Halldór Steinar Kristjánsson undir samninga sem þjálfarar hjá knattspyrnudeild Sindra. Þetta er stór áfangi fyrir knattspyrnudeildina sem með þessu tryggir sér þjónustu vel menntaðra og reynslumikilla þjálfara.



Óli Stefán Flóventsson

Óli hefur lengi verið landskunnur sem bæði leikmaður og þjálfari. Áður hefur hann stýrt liði Grindavíkur úr næst efstu deild í þá efstu og síðan KA á Akureyri í efstu deild. Leiðir Sindra og Óla lágu saman árin 2010 – 2014 þegar hann þjálfaði og lék með liðinu og reyndist þá mikill happafengur í báðum hlutverkum. Óli er með UEFA pro gráðu í þjálfun. Óli kemur til með að stýra meistaraflokki karla og 5. flokki hjá Sindra.

Veselin Chilingirov

Veselin kom til Sindra í fyrra sem þjálfari meistaraflokks kvenna og yngri flokka félagsins. Veskó sem er Búlgari hafði áður þjálfað hjá 2. og 3. flokk hjá Leikni Reykjavík. Samvinna Sindra og Veskó hefur verið farsæl. Hann hefur staðið sig vel sem þjálfari yngri flokka Sindra auk þess að byggja upp ungt og efnilegt lið meistaraflokks kvenna. Veskó er með UEFA B gráðu en er í UEFA A eins og stendur. Veskó mun áfram stýra meistaraflokki kvenna hjá Sindra auk þess að þjálfar 4. og 3. flokk hjá félaginu.

Halldór Steinar Kristjánsson

Steinar mun þjálfar 6. og 7. flokk næsta tímabil í það minnsta en hann tók yfir þjálfun þessara flokka síðast liðið vor. Steinar er einn af leikjahæstu leikmönnum Sindra frá upphafi og var lengi einn af helstu máttarstólpum liðsins. Hann er íþróttfræðingur frá Laugarvatni og hefur langa reynslu af þjálfun. Núna síðast þegar hann tók yfir þjálfun meistaraflokks karla ásamt Sindra Ragnarssyni í sumar.

*fh. Stjórn Knattspyrnudeildar Sindra
Hjalti Þór Vignisson, formaður*

Influensubólusetningar hefjast á heilsugæslustöð Hornafjarðar í næstu viku.

Allir 60 ára og eldri og einstaklingar með undirliggjandi sjúkdóma eru sérstaklega hvattir til að mæta í bólusetningu.

Til að byrja með þarf að forgangsraða í bólusetningu og situr ofangreindur hópur fyrir í bólusetningu.

Auglýst verður síðar hvenær opnar fyrir bólusetningar fyrir aðra aldurshópa.

Tímamantanir í síma 432-2900 frá og með mánudagsmorgni 19. október.




HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



Við erum til staðar til að leysa úr málum með þér

Þú getur alltaf haft samband við okkur í síma eða á netinu þótt við höfum takmarkað aðgengi að útibúum tímabundið. Ef þú þarft að heimsækja útibú eða Fyrirtækjamiðstöð getur þú pantað tíma á landsbankinn.is en við hvetjum viðskiptavini til að nýta sér rafræna þjónustu eins og hægt er. Þannig vinnum við saman að því að þú getir áfram gengið að allri þinni þjónustu þótt hún sé með breyttu sniði.



Hvítur, hvítur dagur sópar til sín verðlaunum

Edduverðlaunin 2020, uppskeruhátíð íslenska sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðarins, voru veitt í sjónvarpsþætti þriðjudaginn 6. október. Upphaflega átti að halda hátíðina í mars en var frestað útaf kórónuveirufaraldrinum. Kvikmynd Hlyns Pálmasonar, Hvítur, hvítur dagur, sló í gegn og vann til 6 verðlauna, þar á meðal vann Hlynur Leikstjóri ársins og fóru verðlaunin Leikakona ársins í aukahlutverki til Ídu Mekkínar Hlynsdóttur. Eystrahorn hafði samband við feðginin og spurði þau aðeins út í verðlaunin og framtíðina.

Við byrjuðum á að spyrja Ídu út í verðlaunin.

Hvað er það skemmilegasta við að vinna svona verðlaun ?

Mér fannst gaman að fara í ferð til Reykjavíkur með pabba, ég hélt að ég væri bara að fara í viðtal en svo fékk ég allt í einu verðlaun og varð mjög hissa. Mér fannst líka gaman að koma heim og fá svona mikið hrós frá fólkinu á staðnum. Við héldum líka partý fyrir fjölskylduna heima um kvöldið þegar verðlaunaafhendingin var sýnd í sjónvarpinu.

Stefnir þú á frekari frama í leiklist þegar þú verður eldri ?

Já ég held það, pabbi er allavega búinn að bjóða mér hlutverk í nýju myndinni sinni. Mér fannst oftast gaman að leika í Hvítum degi en sumir dagar gátu verið þínu erfðir, sérstaklega þegar ég var orðin þreytt eða kalt. Mér þótti mjög vænt um allt fólkið sem ég kynntist á tókum og ég hlakka til að hitta þau aftur í næstu tókum.

Hvar geymir þú verðlauna styttna þína ?

Ég er reyndar ekki enn búin að fá hana, skilst að hún verði send með póstinum. Ég ætla að hafa hana í herberginu mínu. Bræður mínir eru líka búnir að panta að hafa eina Eddu inni hjá sér.

Hlynur, hvaða þýðingu hefur þessi viðurkenning fyrir þig?

Hvítur, hvítur dagur er fyrsta íslenska kvikmyndin mín í fullri lengd og er ég ótrúlega þakklátur fyrir þessar hlýju móttökur sem hún hefur

fengið hérna heima frá íslensku kvikmyndagerða fólki. Það hefur einnig gengið vel alþjóðlega og hjálpar það okkur þegar kemur að því að fjármagna næstu mynd.

Sérðu fram á að vinna meira með teyminu úr Hvítum, Hvítum degi?

Við höfum flest unnið saman frá því ég var í kvikmyndaskólanum og erum við á fullu að undirbúa næsta verkefni. Þetta eru allt miklir vinir mínir og finnst mér spennandi og gott að vinna með þeim. Ég er viss um að við eigum alveg fullt eftir, þetta er rétt að byrja.

Hvað er framundan hjá þér núna ?

Ég byrjaði að skjóta verkefni með börnunum mínum í vor sem heitir "Hreiðrið". Þetta er tvíþætt verkefni og er bæði stuttmynd sem verður tilbúin næsta sumar og vídeó innsetning sem er langtíma verkefni og verður ekki fullklárað fyrr en eftir nokkur ár. Einnig er ég að þróa sjónvarpsseríu og tvær aðra kvikmyndir sem gerist hérna á Hornafirði og nágrenni. En mesta orkan þessa dagana fer í að undirbúa þriðju kvikmyndina í fullri lengd sem heitir Volaða Land og er lang stærsta verkefnið okkar hingað til. Aðaltökurnar verða næsta sumar, en ég er búinn að vera að skjóta tvær senur úr myndinni síðustu tvö ár. Ég hlakka mikið til að halda forsýninguna hérna heima á Hornafirði sumarið 2022. Núna þurfum við bara að koma upp alvöru sal með föstum sætum sem hentar fyrir bíó, leikhús og tónleika í Sindrabæ.



Ída og Hlynur ásamt Ingvari E. Sigurðssyni, en þau unnu öll til verðlauna á Eddunni

Myndin fékk eftirfarandi Eddu verðlaun

Kvikmyndataka ársins

Maria von Hausswolff

Leikari í aðalhlutverki ársins

Ingvar E. Sigurðsson

Leikkona í aukahlutverki ársins

Ída Mekkín Hlynsdóttir

Leikmynd ársins

Hulda Helgadóttir

Leikstjórn ársins

Hlynur Pálmason

Tónlist ársins

Edmund Finnis

HEIMASÍÐUR
UMBROT OG AUGLÝSINGAR
 Hafðu samband:
 tjorvi@upplausn.is
 eða í s: 848-3933

Kraftur í framkvæmdum við nýja hitaveitu á Höfn

Framkvæmdum við nýja hitaveitu á Höfn hefur miðað vel í sumar. Unnið hefur verið af krafti við lagningu 20 km. stofnlagnar frá Hoffelli til Hafnar samhliða byggingu dælustöðva. Framkvæmdum við jöfnunartank veitunnar er nú lokið og verið er að reisa borholuhús og klára frágang dælustöðva í Hoffelli og á Stapa. Þá hefur verið unnið að breytingum á kyndistöð RARIK svo hún geti þjónað nýju hlutverki í dreifikerfi nýrrar hitaveitu.

Hús kyndistöðvarinnar hefur nýst vel í árátt og verið lagað að aðstæðum og starfsemi á hverjum tíma, fyrst sem diesel rafstöð, svo einnig sem kyndistöð og loks bættist við hlutverk aðveitustöðvar. Í dag standa eftir nokkrir metrar af lögnum og tveir lokar af upphaflegum búnaði diesel rafstöðvarinnar, öllu öðru hefur verið skipt út. Gert er ráð fyrir að kyndistöðin verði áfram í húsinu á meðan reynsla er að koma á rekstur hitaveitunnar, en til framtíðar er gert ráð fyrir að þar gæti verið varmadæla til að nýta varmann út bakvatninu, ef þörf verður á að spara vatnsupptöku úr jarðhitakerfinu við Hoffell.

RARIK stefnir að því að tengja nýju stofnlögnina við dreifikerfi veitunnar á Höfn síðar í haust, en þá munu allir sem nú eru tengdir fjarvarmaveitunni tengjast borholusvæðinu við Hoffell og á sama tíma munu nýir notendur í Nesjum, þar á meðal í Nesjahverfi, tengjast veitunni.



Loftmynd frá Hoffelli sem sýnir tank veitunnar efst til vinstri, dælustöð hægra megin og borholuhús neðst til hægri.

Fyrst um sinn munu þannig um 2/3 hlutar húsa á Höfn sem í dag tengjast fjarvarmaveitu RARIK tengjast hitaveitunni.

Næsta vetur verður haldið áfram að tengja einstaka fasteignir sem liggja við núverandi dreifikerfi veitunnar. RARIK mun fljótlega bjóða út lagningu nýrra stofnlagna dreifikerfisins í Vesturbraut og Silfurbraut og er áætlað að framkvæmdir við þær geti hafist snemma næsta vor. Nýir notendur við þessar götur munu í framhaldinu tengjast dreifikerfi veitunnar.



Unnið að byggingu dæluhússins.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Auglýsing um framkvæmdaleyfi hitaveitu á Höfn

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum þann 8. október 2020 að veita framkvæmdaleyfi vegna stækkunar á dreifikerfi hitaveitu á Höfn.

Framkvæmdin er ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Ákvörðun bæjarstjórnar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 17. nóvember 2020

Fh. Bæjarstjórnar
Brynja Dögg Ingólfssdóttir
Umhverfis- og skipulagsstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Auglýsing um framkvæmdaleyfi ljósleiðara - Lónsheiði

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum þann 8. október 2020 að veita framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðara yfir Lónsheiði. Framkvæmdin er ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Ákvörðun bæjarstjórnar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 17. nóvember 2020.

Fh. Bæjarstjórnar
Brynja Dögg Ingólfssdóttir
Umhverfis- og skipulagsstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



HEILSUEFLANDI SAMFELAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
veitikon fyrir alla

Auglýsing um samþykkt bæjarstjórnar

Bæjarstjórn sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum þann 16. apríl 2020 að gera breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 og nýtt deiliskipulag vegna þéttingu byggðar í innbæ á Höfn.

Markmið með breytingunni er að þetta byggð í innbæ, hún skal vera í samræmi við núverandi byggð hvað varðar tegundir, stærðir, þéttleika og ásýnd byggðar. Með þéttingu byggðar skal tryggja gönguleiðir að opnum svæðum. Þétting byggðar tekur til nýrra lóða, auk aðliggjandi byggðra lóða við Silfurbraut og Hvannabraut.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir íbúðarlóðum fyrir einbýlishús og raðhús. Svæðið er auðkennt sem íbúðarsvæði IB9 í aðalskipulagi.

Tillögurnar voru í kynningu frá 19. desember 2019 til mánudagsins 3. febrúar 2020. Auglýsing um tillögu að aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi var birt í Eystrahorni, Lögbirtingu og heimasíðu sveitarfélagsins hornafjordur.is/skipulag í kynningu. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 3. febrúar 2020.

Umsagnir bárust frá Vegagerðinni, HAUST, Náttúrufræðistofnun Íslands, Minjastofnun Íslands, Golfklúbbi Hornafjarðar og undirskriftarlisti frá íbúum. Fundir voru haldnir með forsvarsmönnum undirskriftarlistans og haldinn var íbúafundur um málið þann 5. mars sl. Gerðar voru breytingar á deiliskipulagstillögunni eftir samráð við íbúa.

Í ljósi umsagna og athugasemda sem bárust við skipulagið voru gerðar breytingar á skipulagstillögunni frá auglýsingu. Ein lóð var tekin út úr tillögunni og tveimur var hliðrað til. Við þverun á göngustíg var akbraut þrengd. Skilmálum hefur verið breytt m.t.t. grundunar húsa og aðgerða á framkvæmdatíma.

Samantekt umsagna og athugasemda og svör bæjarstjórnar má nálgast á vef sveitarfélagsins: <https://www.hornafjordur.is/stjornsysla/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/>

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta óskað eftir upplýsingum hjá starfsmönnum sveitarfélagsins.

*Fyrir hönd bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Kristófer Sigurðsson heimilislæknir verður með stofu í Hofagarði þann **21. október n.k**

Boðið verður upp á influensubólusetningar fyrir 60 ára og eldri og þá sem eru með undirliggjandi sjúkdóma.

Tímamantanir í síma 432-2900 virka daga.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Fimm milljarðar til sveitarfélaga

Frá upphafi heimsfaraldursins hef ég lagt mikla áherslu á góð samskipti við forsvarsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga og sveitarstjórna almennt, enda slær mitt gamla sveitarstjórnarharta með þessu mikilvæga stjórnsýslustigi.

Stutt við heimili og fyrirtæki

Ríkissjóður hefur tekið að sér að bera hitann og þungann af öllum mótvægisáðgerðum vegna áhrifa faraldursins og því verða áhrifin á fjárhag ríkissjóðs mikil. Verkefnið var – og er – að styðja við heimilin og fyrirtækin í landinu og það hefur tekist á margan hátt vel, þótt enn sé gríðarmikið verk að vinna.

Flestar þessar áðgerðir ríkisins hafa haft bein eða óbein áhrif á fjármál sveitarfélaganna. Hlutabótaleiðin og öflugt atvinnuleysisstryggingarkerfi hefur til dæmis án efa gert það að verkum að fallið í útsvarinu var minna en búast mátti við, enda tekur ríkið á sig jaðaráhrifin í tekjuskattskerfinu en sveitarfélögin fá útsvarið af fyrstu krónu sem ríkið tryggir. Endurgreiðsla á virðisaukaskatti til sveitarfélaga eða stofna þeirra gæti skilað um 2 milljörðum króna á tímabilinu, veitt var 600 m.kr. framlag til að styðja við lágtekjuheimili til að tryggja jöfn tækifæri barna til íþróttar og tómstundastarfs, stuðningur við sóknaráætlanir sveitarfélaga og svo mætti áfram telja.

Staðið við bakið á sveitarfélögum

Í lok september undirritaði ég yfirlýsingu ásamt forsætisráðherra og fjármálaráðherra og formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga sem felur í sér samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga sem felur í sér um fimm milljarða innspýtingu. Áðgerðirnar eru 670 milljón króna aukaframlag sem varið verði til sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks, 730 milljón króna framlag til sveitafélaga þar sem kostnaður við fjárhagsaðstoð er yfir nánar tilgreindum mörkum, 500 milljón króna framlag sem nýtist sem stuðningur við sveitarfélög sem glíma við hvað mesta fjárhagserfiðleika vegna heimsfaraldursins, 935 milljón króna framlag sem styður við áætlun um eflingu sveitarstjórnarstígsins og aukna sjálfbærni með sameiningum, 480 milljón króna tímabundin lækkun tryggingagjalds og heimild til að nýta einn og hálfan milljarð úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sem nýtt verði til að veita upp á móti lækkun almennra tekju- og útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins. Viðbótarframlög ríkissjóðs nema því samtals 3.305 m. kr. og heildarstuðningur á grundvelli yfirlýsingarinnar nemur í heild 4.805 m. kr.

Auk þess segir í yfirlýsinguinni að ríkisstjórnin muni standa að baki sveitarfélögum eins og frekast er unnt svo starfsemi þeirra raskist ekki um of á komandi mánuðum og misserum.

Atvinna, atvinna, atvinna

Við lifum á óvenjulegum tímum. Nú er tími fyrir jákvæðar hugsanir og skynsamar lausnir. Það er ekki tími íhaldssemi, svartsýni og úrtöluradda, heldur tími nýsköpunar og úrræða sem leiða okkur áfram veginn. Aðalverkefni okkar sem stöndum í stafni, hvort heldur er í ríkisstjórn eða í sveitarstjórn, er að standa vörð um störf og skapa störf. Getum við ekki öll verið sammála um það?

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



Fasteignasalan Medial ehf. hefur fjölbreytt úrval eigna á sölu og jafnframt eru kaupendur að leita að réttum eignum svo ef þú ert í kaup - eða söluhugleiðingum þá er um að gera að hafa samband með tölvupósti á jona@medial.is eða í síma 869-8650 og fá frekari upplýsingar.

EINBÝLISHÚS



Hólabraut 10

Verð: 59.900.000 kr.
Glæsilegt einbýlishús með sólstofu og góðum bílskúr. **OPIÐ HÚS** mánudaginn 19. október kl. 16:30 - 17:00!



Svalbarð 4

Verð: 55.000.000 kr.
Mikið endurnýjað einbýlishús með möguleika á að útbúa aukaíbúð á neðri hæð.



Hafnarbraut 43

Verð: 49.500.000 kr.
Góð staðsetning - stutt í alla helstu þjónustu - aðeins einn eigandi frá upphafi.



Jóna Benný Kristjánsdóttir
löggiltur fasteignasali



Norðurbraut 5

Verð: 38.900.000 kr.
Einbýlishús með fjórum svefnherbergjum, bílskúr og góðum garði.



Bogaslóð 8

LÆKKAÐ VERÐ
19.900.000 kr.
Góð staðsetning nálægt höfninni á Hornafirði. Fallegt útsýni!



Melar, 765 Djúpvogur

Verð: 20.000.000 kr.
Þriggja herbergja einbýlishús á fallegum stað með góðu útsýni yfir Berufjörðinn.



MEDIAL

ÍBÚÐIR



Bogaslóð 12, 3. hæð

Verð: TILBOÐ
Fjögurra herbergja íbúð með séringngangi. Góð staðsetning - einstakt útsýni.



Bogaslóð 12, 1. hæð

Verð: TILBOÐ
Þriggja herbergja smekklega endurnýjuð og vel skipulögð íbúð með séringngangi.



Silfurbraut 6, 3. hæð

Verð: 27.500.000 kr.
Þriggja herbergja íbúð - töluvert endurnýjuð, nýlegir gluggar, neysluvatnslagnir o.fl.



Sumarlón - Strandarháls 1 og 2

Verð: 36.900.000 kr.
Fallegur sumarbústaður á vel hirtri lóð í Laxárdal í Lóni - fjölbreyttir afþreyingarmöguleikar.

ATVINNUHÚSNÆÐI OG REKSTUR



Hafnarbraut 1 Gistiheimilið Dyngja ehf.

Verð: 62.900.000 kr.
Fallegt hús með frábæru útsýni yfir höfnina.



Bugðuleira 2 - Gudis ehf.

Verð: TILBOÐ
Ferðaþjónustufyrirtæki sem jafnframt rekur dekkja-verkstæði og þvottastöð á Höfn í Hornafirði. Félagið á lénið www.vatnajokull.is og vörumerkið Vatnajökull Travel.



Heppuvegur 6 - Sláturhúsið

Verð: 50.000.000 kr.
Athugið að til greina kemur að selja sérstaklega vesturenda hússins í einum eða tveimur hlutum.